

eins og drengsins í kvæðinu, langar — fjarska langar hugsanir, og fjarska óskýrar, við sjáum ekki fyrir endann á þeim.

Og þannig hlýtur það að vera. Allar hugsanir, sem gægjast út fyrir þennan þrónga heim, hljóta að vera óskýrar og óákveðnar. Hugsanirnar, sem við getum gripið til fulls, eru mjög litlar hugsanir — að tveir og tveir eru fjórir — að þegar við erum hungruð er gott að borða, — að ráðvendni er „hyggindi sem í hag koma.“ — Allar stærri hugsanir eru óákveðnar og of stórar fyrir veslings barnalega heilann okkar. Við sjáum að eins óljóst í gegn um þokuna, sem sveipar okkar stutta lífssvið, og aðeins heyrum óminn af hinum mikla, ólgandi sæ fyrir handan.

G. Á. Þjóldi.



HALLFREDUR VANDRÆÐASKÁLD.

KAFLAR ÚR ERINDI PVÍ, ER
GÍSLI JÓNSSON, PRENTARI

FLUTTI Á MENNINGARFÉLAGSFUNDI PRIÐJUDAGSKVÖLDIÐ 26. MAÍ 1908.



EGAR eg var svolítill hnokki á barnsaldri, las eg fyrst söguna af honum Hallfreði Vandræðaskálði. Og þá skildist mér, að líkendum af auknefninu, sem öll vandræðin hans hefðu verið í því fólgin, hve báglega honum létt, eins og svo mörgum lætur enn, að fella hugsanir sínar í stuðla. Nú hefi eg lesið söguna aftur, eftir full tuttugu ár, og eg kenist að þeirri niðurstöðu, að vandræðin Hallfreðar hafi stafað af flestu öðru fremur en því, hve þungt honum veitti, að fella orð sín og hugsanir í hendingar og ljóðstafi, né hve torvelt honum gazt, að finna þeim höggstað.

Eg ætla mér nú óldungis ekki að fara að rita neina vísindalega ritgjörð um Hallfreðarsögu né heldur um Hallfreð sjálfan.